



**Ávarp
forseta Íslands
Höllu Tómasdóttur
á aðalfundi
Skógræktarfélags Íslands
Varmalandi í Borgarfirði
29. ágúst 2025**

Kæra skógræktarfolk

Hjartans þakkir fyrir að bjóða mér hingað í Borgarfjörð til að taka þátt í dagskrá aðalfundar Skógræktarfélags Íslands.

Sum ykkar hitti ég fyrir tæpu ári síðan í Vinaskógi á Þingvöllum þegar við fögnuðum því að 75 ár voru liðin frá fyrstu gróðursetningu þar á vegum vinabjóðanna Íslands og Noregs. Ég gróðursetti þá birkiplöntur, ásamt norska sendiherranum, Cecille Willoch, og formanni Skógræktarfélagsins, Jónatan Garðarssyni. Það er ánægjulegt að mega endurtaka leikinn hér í skógræktarreitnum Varmalandi og ég hlakka líka til að fræðast nánar um trjáplönturnar sem fá nú rótfestu.

Eftir því sem ég kemst næst telur vísindafolk að á upphafsárum svonefndrar siðmenningar hafi eitthvað í kringum sex billjónir trjáa vaxið í veröldinni. Við höfum þegar tapað helmingi þess fjölda og erum að glata þeim sem eftir eru á ógnarhraða, yfir tíu milljörðum trjáa á ári hverju. Hálfur annar milljarður núlifandi manna er háður skógum með beinum hætti. Og þó að við gerum okkur ekki alltaf grein fyrir því þá byggist líf flestra annarra jarðarbúa einnig að miklu leyti á trjám.

Stærri skógar eru stundum kallaðir lungu jarðarinnar og þótt fleiri jurtir og lífverur stundi ljóstillífun, svo ég noti það fallega orð, þá skiptir tilvist og heilbrigði skóga okkur sköpum. Skógar hafa áhrif á veðurfar og loftslag, jafnt á norðurhveli sem á suðurhveli. Flestir eru sammála um að verndun og ræktun skóga sé ein þeirra leiða sem við eigum að fara til að draga úr neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga. Skógar eru líka kjörlendi líffræðilegar fjölbreytni; heimili óteljandi dýra og skjól annarra jurta, ekki aðeins í skógarbotninum heldur líka á akurlendi milli skóga og skjólbelta.

Það er enn sem fyrr ástæða til að taka undir orð Birtings í samnefndri sögu Voltaires: „Maður verður að rækta garðinn sinn“. Og það er ekki síður mikilvægt að leggja í þau orð bæði bókstaflegan og táknrænan skilning. Þessi sígilda háðsádeila var samin á sautjándu öld, einmitt á þeim tíma þegar fyrsta vitundarvakningin á sviði skógræktar varð hér á landi. Þá var á brattann að sækja, eins og kemur vel fram í dagbók ensks ferðalangs, James Wright, sem heimsótti Bessastaði í föruneyti Sir Johns Stanley árið 1789, en ferðalangarnir nutu þar gestrisni greifans og stiftamtmannsins Hans von Levetzow. Wright skrifar: *„Greifinn hefur gert nokkrar tilraunir til að rækta tré og runna í garði sínum, en þær hafa flestar misheppnast. Hann á þar einn reynivið um 14 feta háan, og var hann nú alblómgaður, og hann var eins hreykinn af honum og það væri sykurreyr. Þar voru tveir askar, um fets háir runnar, fáeinir elrirunnar, stöngulberja- og ribsrunnar, sem kala niður í rót á hverjum vetri vegna kuldans.“*

En hversu vel gengur okkur Íslendingum samtímans að rækta garðinn okkar, í bókstaflegri merkingu orðanna? Hver er árangurinn af starfi bænda, opinberra aðila og félagasamtaka á sviði uppgræðslu og skógræktar frá því að farið var að vinna markvisst að þessum málum um og eftir aldamótin 1900? Að sjálfsögðu eru önnur betur til þess fallin en ég að svara þeirri spurningu. Það er þó óumdeilt að Grettistaki hefur verið lyft á þessum akri á liðnum áratugum og þar hefur framlag

skógræktarfélaganna um allt land skipt gríðarlegu máli. Samtöl mín við forystufólk og sérfræðinga í skógrækt, landvernd og landgræðslu benda hins vegar til að það sé áfram rík ástæða til að „sveifla haka og rækta nýjan skóg“, svo vitnað sé í sígildan söngtexta.

Árið 2021 tóku íslensk stjórnvöld svonefndri Bonn-áskorun. Þau ákváðu að leggja grunn að því, á næstu níu árum, að birkiskógar myndu þekja fimm prósent (5%) landsins, í stað eins og hálfs prósents (1,5%). Þetta níu ára tímabil er nú hálfnað og er ljóst að hér er á brattann að sækja. Eins og fram hefur komið í fréttum vinnur Land og skógur á þessu ári að gróðursetningu um milljón birkiplantna í þessum tilgangi víðsvegar um landið. Um leið eru allar þær birkiplöntur, sem þegar hafa komist á legg á Íslandi, að fjölga sér með náttúrulegum hætti. Félagar í skógræktarfélögunum liggja ekki heldur á liði sínu, frekar en fyrri daginn. Þá má minna á hið áhrifaríka skógræktarverkefni sem frú Vigdís Finnbogadóttir ýtti úr vör ásamt Skógræktinni árið 1990 undir kjörorðinu Yrkja. En er ekki, þrátt fyrir alla þessa dýrmætu græðlinga, ástæða til þess að við brýnum okkur til dáða? Að við segjum enn sem fyrr: Betur má ef duga skal!

Áður en ég reyni að svara því langar mig að geta þess að annar akur er mér ofarlega í huga þessi misserin, akur sem ég tel okkur ekki hlúa nægjanlega vel að. Þetta er akur æskunnar, dýrmætustu vaxtarbrodda íslensks samfélags. Í ávarpi á Hólahátíð fyrr í þessum mánuði ræddi ég um það margháttaða tengslaróf sem hefur átt sér stað vegna áhrifa snjalltækja og samfélagsmiðla á börn og ungt fólk. Ég tel brýnt að við ræktum betur tengslin hvert við annað, tengslin milli ólíkra kynslóða, tengslin við okkur sjálf og síðast en ekki síst tengsl okkar við guðsgræna náttúruna. Skógrækt og mannrækt eru nátengd hugtök, eins og skógræktarfélögin minna gjarnan á. Við þurfum að rækta bæði okkar innri og ytri garð til að þrífast og blómstra á þessari jörð.

Ég nefndi það góða starf sem Yrkja, sjóður æskunnar til ræktunar landsins, hefur stutt við undanfarna áratugi. Sjóðurinn úthlutar trjáplöntum sem grunnskólabörn gróðursetja og taka fjölmargir skólar víða um land þátt í verkefninu. Einnig hefur Land og skógur stutt vel við bakið á því. Ég hef velt fyrir mér hvort við getum byggt á þeim góða grunni sem þarna er fyrir hendi og stuðlað að nýrri vitundarvakningu í skógrækt.

Fyrir meira en hundrað árum flutti Sigurður Nordal rómaða fyrirlestra um einlyndi og marglyndi í Reykjavík. Þar ræddi hann þær ólíku leiðir sem við getum valið þegar við mótum okkur stefnu í lífinu og ræktum sálina. Einn fyrirlestur sinn nefndi hann „Andstæður“ en meginviðfangsefnið var svonefnd *víxlyrkja*. Nordal útskýrði hana svo:

„Eins og allir sjá, sem nokkuð hugsa um málið, er enginn hlutur, sem nokkurs er virði hér á jörðinni, vanræktur eins og mannssálin. [...] Þess vegna er eðlilegt, þegar talað er um að leggja rækt við sálina, að leita þangað ráða, sem menn eru lengra á veg komnir, og gæta að, hvernig menn rækta akra sína. Og þar finnum við undir eins merkilega aðferð, sem mjög hefur rutt sér rúms í helstu akurlöndum og kölluð er víxlyrkja. Áður fyrri létu menn akrana standa ósána á vissu árabili, létu þá hvíla sig. En nú hafa menn fundið, að besta hvíldin er ekki að vera ósáinn, heldur að vera sáinn einhverri tegund, sem bætir akrinum þau efni, sem fyrri tegundin eyddi mest, en lifir sjálf á öðrum efnum. [...] Það er nú alveg áreiðanlegt, að víxlyrkjan á við sálina eins og akurinn. Og hvíldin er þar einmitt glöggvasta dæmi. Það er ein af þeim bölvunum, sem hvíla á andlegum starfsmönnum, hve hvíldin er þeim örðug og óljúf. Að leggjast til svefns líkamlega þreyttur er ótrúlegur unaður, að leggjast til svefns með höfuðið heitt af ihugun og lestri er oft jarðneskt helvíti. Sama máli gegnir um hvíld um lengri tíma eftir lokin andleg störf. Kannast margir við slíkt eftir að hafa lokið prófi eða lokið bók, sem fyllt hefur hugann. Hvíldin á þarna alls ekki við, hugurinn þarf eitthvað annað,

sem fyllir hann, gefur honum þá næringu, sem hann þarfnast, og þiggur aftur þau efni, sem hann hefur of mikið af.“

Ætla má að ef Sigurður Nordal hefði ávarpað okkur nú á dögum hefði hann bætt inn varnaðarorðum um gengdarlaust „skjá-skroll“ yngri og eldri kynslóða. Honum hefði runnið til rifja hvernig það rænir okkur innri og ytri ró og rýfur þau tengsl sem skipta okkur sköpum, þar á meðal tengsl okkar við náttúruna.

Ég á mér draum, draum um að við tökum höndum saman í samfélagslegu átaki sem miðar að því að efla í senn skógrækt og mannækt. Að við leiðum saman kynslóðir nemenda í grunnskólum og eldri borgara í því margþætta augnamiði að rækta landið okkar, tengslin okkar hvert við annað og tengslin við landið. Að við ástundum víxlyrkju og ræktum saman kærleiksskóga víða um allt land. Markmiðið er að þúsundir hjartna og þúsundir plantna komi saman, næstu kynslóð og heiminum til heilla. Átakið væri ekki aðeins liður í að ná Bonn-markmiðunum heldur minna okkur sjálf og aðra á hvernig heilsa fólks og velsæld jarðarinnar eru tengd órjúfanlegum böndum.

Ég treysti ykkur skógræktarfólki og öðrum náttúruunnendum fyrir útfærslunni en mig langaði til að deila með ykkur þessum draumi og jafnframt bjóða fram krafta mína og samtal í borðstofunni á Bessastöðum til að ýta undir samstarf um slíkt verkefni. Ég tel líklegt að margir gætu verið áhugasamir, til að mynda félög eldri borgara og ungmennafélög, ýmsir kennarar sem bent hafa á mikilvægi útikennslu og Riddarar kærleikans, sem er kraftmikil hreyfing ungs fólks sem ég styð stolt við bakið á. Hér geta ólíkir aðilar lagt saman hönd á plóg. Lykilatriði er að ná til þeirra kynslóða sem verja nú lengri tíma í stafrænum hliðarheimum en úti undir beru lofti. Skilaboð okkar til æskunnar þurfa að vera eins skýr og jákvæð og hendingin, úr áðurnefndum söngtexta Tryggva Þorsteinssonar, sem minni kynslóð var svo töm: „Komdu út því að sólskinið vill sjá þig ...“